

1886.

15. ágúst.

**70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um að manni fyrir innan tvítugt sé neitað um leyfi til að kvongast.**

Útaf þegnlegri bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 20. júnímán. þ.á., þar sem Jón Jónsson, yngismaður, á Rauðuskriðu í Þingeyjar sýslu, sækir um leyfi til að kvongast, þó að hann sé ekki nema á 19. aldurs ári, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

17. ágúst.

**71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvar íslenzkir sakamenn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu, eigi að út taka hegninguna.**

Um það, í hvaða hegningarhús eigi að flytja fanga frá Íslandi, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, skal eptirleiðis farið eptir reglum þeim, er nú skal greina;

alla karlmenn, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, á að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn;

alla kvennmenn, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, á einnig að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn; og

alla karlmenn, sem dæmdir eru í tukhúsvinnu, í hegningarhúsið hjá Horsens.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það öllum valdsmönnum í umdæmi yðar.